

15.01.2019

Erindi: Endurnýjun á björgunarskipinu á Ísafirði og mögulegur samstarfssamningur við hafnir Ísafjarðarbæjar

Björgunarskipið Gunnar Friðriksson var endurnýjað síðast fyrir 10 árum, árið 2008 með kaupum á notuðu bresku björgunarskipi. Skipið hefur þjónað svæðinu vel undanfarin 10 ár með þáttöku í um 150 útköllum en ganghraði skipsins er of lítill miðað við það svæði sem skipið þjónar og fjölda útkalla sem það sinnir hvert ár.

Undanfarið hefur stjórn björgunarbátasjóðsins verið í viðræðum við Norðmenn um kaup á notuðu skipi af þeim. Eftir mikla yfirlegu náðust í lok ársins 2018 samkomulag um kaup á skipinu RS Skuld. Þrátt fyrir að um notað skip sé að ræða hefur það mun betri ganghraða en núverandi Gunnar, þar er aðstaða fyrir áhöfn og sjúklunga mun betri auk þess að hafa öflugan björgunarbúnað um borð svosem krana, dráttarkrók og dráttarspil.

Stjórn Björgunarbátasjóðs Vestfjarða vinnur nú að því að fullfjármagna kaupin. Ein hugmynd sem skaut upp kollinum var að leita samstarfs við hafnir Ísafjarðarbæjar með því fyrirkomulagi að Hafnir bæjarins fengju ótakmörkuð afnot af bátnum við störf sín gegn árlegri styrkuppþæð til dæmis 1 milljón á ári til 3 ára. Samstarf björgunarbátasjóða og hafna tíðkast víða um landið og má þar helst nefna björgunarskipið Hafbjörgu á Neskaupstað sem sinnir árlega tugum verkefna fyrir hafnir Fjarðarbyggða.

Við sæjum þá fyrirkomulagið þannig fyrir okkur að starfsmenn hafna Ísafjarðarbæja hefðu aðgang að og gætu notað björgunarbátinn til lóðs verkefna eða annarra verkefna þegar svo þyrfti.

Styrkuppþæðina og samningstímann værum við til í að ræða frekar við ykkur og viljum við óska þess að Ragnar Kristinsson gjaldkeri sjóðsins verði kallaður inn sem gestur þegar málið verði rætt á fundi hafnarstjórnar.

Hér að neðan eru svo helstu tæknilegu upplýsingar um skipið.

Byggingarár: 1990, lengt 1995 og vélar teknar upp árið 2000. **Ganghraði:** 25-26 mílur.

Þyngd: 27 tonn **Lengd:** 16.24 metrar **Breidd:** 4.7 metrar **Djúprista:** 1.7 metrar

Eldsneytistankar: 3.85 m³ **Ferskvatn:** 0.25 m³ **Sleppikrókur:** 8.1 tonn

Aðalvélar: MAN Diesel 2x D2842 LE 405, 2x 662 kW. **Ljósavél:** Perkins 24 kW

Gír: Mekanord 235 HSCIS L/H **Björgunarbúnaður:** Brunadælur og lensidælur, sleppikrókur, hitamyndavél. **Búnaður á dekki:** Spil, krani, léttabátur



F.h. stjórnar Björgunarbátasjóðs Vestfjarða

Gauti Geirsson